



# Menntaskólinn á Tröllaskaga

Búnaðarkaup

SKILAGREIN


Febrúar 2018

---

# Efnisyfirlit

---

Almennt um skilagreinar .....	3
1 Undirbúningur .....	4
1.1 Lýsing verkefnis.....	4
1.2 Frumathugun.....	4
1.3 Áætlunargerð .....	4
1.4 Áætlun um stofnkostnað .....	4
1.5 Áætlun um rekstrarkostnað.....	4
2 Verklegr framkvæmd.....	5
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar .....	5
2.2 Framvinda.....	5
2.3 Eftirlit og úttektir .....	5
3 Reikningslegt uppgjör .....	6
3.1 Heildarkostnaður.....	6
4 Samantekt / niðurstöður.....	7
4.1 Árangur framkvæmdarinnar.....	7
4.2 Staðfesting skilagreinar .....	7



Mynd 1. Grunnmynd viðbyggingarinnar.

## Almennt um skilagrein

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „**skilagrein**“ og „**skilablað**“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilagrein vegna framkvæmdaverkefnis.



Mynd 2. Fjölnotasalur.

---

# 1. Undirbúningur

---

## 1.1 Lýsing verkefnis

Sveitarfélagið Fjallabyggð bauð út stækkun á húsnæði Menntaskólans á Tröllaskaga í júlí 2016. Um er að ræða byggingu á fjölnotasal, eldhúsi og geymslu. Stækkunin er 234,1 m<sup>2</sup>. Húsnæðið er í eigu Fjallabyggðar.

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir innkaupum á búnaði í nýbyggingu Menntaskólans á Tröllaskaga.

Verkkaupi var mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þann 8. júní 2017 kom formleg staðfesting frá ráðuneytinu um að Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) hefði umsjón með búnaðarkaupunum.

Verkefnastjórar FSR voru Sigurður Norðdahl og Sigurður Hlökkversson.

## 1.2 Frumathugun

Frumathugun á þörfum fyrir búnaðinn var unnin af starfsmönnum Menntaskólans á Tröllaskaga (MTR). Búnaðaráætlunin náði til búnaðar í móttökueldhús, húsgagna í fjölnotasal og í nemendarymi, sviðs, hljóðkerfis, skjávarpa, skjávarpatjalda og búnaðar fyrir viðhald á skíðabúnaði og fleira.

## 1.3 Áætlunargerð

### Hönnun

Viðbyggingin var hönnuð af AVH, Arkitektúr – Verkfræði – Hönnun, Kaupangi á Akureyri af Fanneyju Hauksdóttur arkitekt.

### Ráðgjafar

Eftirtaldir ráðgjafar unnu við verkefnið:

Öll önnur hönnun var unnin af AVH og Raftákn ehf. á Akureyri.

Verkkaupi byggingarinnar var Fjallabyggð.

## 1.4 Áætlun um stofnkostnað

Kostnaðaráætlun á búnaði var unnin af starfsmönnum MTR.

Heildarkostnaðaráætlun MTR, 27. apríl 2017, hljóðaði upp á 22.164.808 kr.

## 1.5 Áætlun um rekstrarkostnað

Ekki var gerð áætlun um rekstrarkostnað.



Mynd 3. Móttökueldhús.



Mynd 4. Geymsla.

## 2. Verklef framkvæmd

### 2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Til að afla tilboða í búnaðinn var meðal annars efnt til „örútboðs nr. 6020032-03, raftæki - stærri heimilistæki“. Gögn, dagsett 28. júní 2017, voru send þátttakendum í rammasamningum Ríkiskaupa.

Tilboð voru opnuð 6. júlí 2017. Niðurstöður útboðsins eftir yfirferð tilboða voru eftirfarandi.

Aðilar sem buðu gáfu ekki tilboð í alla þá þætti sem óskað var eftir í útboðinu.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöður á þeim hlutum sem hægt var að bera saman í tilboðum bjóðenda. Ekki var gerð kostnaðaráætlun fyrir örútboðið.

Niðurstöður útboðs	Kr.
Fastus ehf.	2.911.453.-
Bako Ísberg ehf.	2.980.290.-
Geiri ehf.	3.232.901.-

Aðeins eitt fyrirtæki bauð í allan pakkann og var með hagstæðasta tilboðið í allar einingar. Í tilboðinu var búnaður í móttökueldhúsið, það er uppvottalína, eldavél, „eyja“, sjálfsafgreiðslulína, kæli- og frystiskápur. Innifalið í tilboðinu var flutningur og uppsetning.

Tilboð Fastus ehf. hljóðaði upp á 2.911.453 kr. en að viðbættum kostnaði við frystiskáp og kæli- og frystiskápur var það alls 3.394.994 kr. Var tilboðinu tekið.

Leitað var tilboða í annan búnað, svo sem húsgögn, hljóðkerfi, tölvur og gluggatjöld.

### 2.2 Framvinda

Búnaður var afgreiddur á tímabilinu ágúst til desember 2017. Allri afhendingu og uppsetningu er lokið.

### 2.3 Eftirlit og úttektir

Á vegum FSR höfðu Sigurður Norðdahl og Sigurður Hlöðversson umsjón og eftirlit með búnaðarkaupunum.

Af hálfu MTR hafði Gísli Kristinsson umsjón með móttöku og uppsetningu búnaðar. Mjög gott samstarf var milli FSR og MTR.

Úttekt fór fram í lok desember 2017.



Mynd 5. Menntaskólinn á Tröllaskaga.

## 3. Reikningslegt uppgjör

### 3.1 Heildarkostnaður

Heildarkostnaður er 89,2% af kostnaðaráætlun MTR.

#### Sundurliðun kostnaðar

Eldhús og búnaður	5.262.254	26,6%
Húsgögn í fjölnotasalinn	6.344.675	32,1%
Innrétting fyrir borðbúnað	962.772	4,9%
Hljóðkerfi, netkerfi og tölvur	3.640.446	18,4%
Fellisvið	866.760	4,4%
Búnaður fyrir skíði	545.307	2,8%
Gluggatjöld	672.465	3,4%
Flutningskostnaður	390.844	2,0%
Umsjón og eftirlit	1.094.766	5,5%
<b>Samtals kr.</b>	<b>19.780.289</b>	<b>100,0%</b>



Mynd 6. Geymsla.

Kostnaður er talinn mjög ásættanlegur.





Mynd 7. Séð inn eftir fjölnotasalnum.

---

## 4. Samantekt / niðurstöður

---

### 4.1 Árangur framkvæmdarinnar


Árangur framkvæmdarinnar telst mjög góður. Val á búnaði tókst vel og var kostnaður undir áætlun.

Afhending búnaðar dróst nokkuð fram úr væntingum.

### 4.2 Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Hafsteinn S. Hafsteinsson, forstjóri, settur



[www.fsr.is](http://www.fsr.is)

